

# Nettengd Biblía fyrir börn kynnir

## Samúel, hinn ungi þjónn Guðs



Höfundur: Edward Hughes  
Myndskreytingar: Janie Forest

Þýðandi: Práinn Kristjánsson  
Aðlagð af: Lyn Doerksen

Saga 17 af 60

[www.M1914.org](http://www.M1914.org)

*Bible for Children, PO Box 3, Winnipeg, MB R3C 2G1 Canada*


Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu, en ekki selja.

Íslenska


Icelandic

Hanna var góð kona, gift góðum manni Elkana að nafni. Þau trúðu á Guð og voru bæði hjálpsöm og tillitssöm við aðra. En það var eitt sem skyggni á.

Hönnu hafði lengi langað til að eignast barn, en þrátt fyrir langa bið, bænir og vonir, hafði ekkert orðið af ósk hennar.




1



Hanna fór árlega til húss Drottins til að dýrka hann. Eitt sinn lofaði hún Guði að ef hann gæfi henni son, mundi hún gefa hann til að þjóna Guði ævilangt.

2



Elí gamli,  
prestur,  
sá Hönnu  
biðjast  
fyrir.

3



Af því að varir  
hennar bærðust án  
þess að rödd hennar  
heyrðist, hélt Elí að  
hún væri drukkin.  
Hann ávítaði  
hana.

4



Hanna sagði þá Elí  
frá bæn sinni og  
loforði sínu til  
Guðs. Þá sagði Elí,  
"Farðu í friði, og  
megi Guð Ísraels  
veita þér það sem  
þú baðst hann um."  
Orð Elí gerðu hana  
vongóða.

5



Fyrr en varði fylltist hjarta Hönnu af gleði.  
"Drottinn minntist hennar" og svaraði bæn hennar.  
Hanna og Elkana eignuðust lítinn dreng er þau  
nefndu Samúel (sem þýðir "Heyrt af Guði"). En  
mundi Hanna minnast Drottins og loforðs síns?

6



Hanna hætti nú  
sínun árlegu  
ferðum til húss  
Drottins og hélt  
kyrru fyrir heima  
þar til sonur  
hennar var orðinn  
nógu gamall til að  
fara og aðstoða Elí  
við að þjóna  
Drottni. Síðar kom  
að því að Hanna fór  
með Samúel til  
húss Drottins .

7



Guð heiðraði Hönnu fyrir  
trúfestu hennar,  
og gaf Guð henni  
þrjá syni að auki  
og tvær dætur. Á  
ári hverju fór  
Hanna til húss  
Drottins til  
bænahalds  
og til að færa  
Samúel skikkju  
sem hún saumaði  
fyrir hann.

8

Auk Samúels voru tveir synir Elí, þeir Hofní og Pínehas, honum til aðstoðar. Þeir voru illa innrættir og vanvirtu Guð.




9

Þótt Elí sárþændi þá um að breyta vegum sínum, sinntu þeir því engu. Best hefði verið fyrir Elí að reka þá úr þjónustunni, en það gerði hann ekki.




10

Nótt eina heyrði Samúel kallað á sig. Hann hélt það væri Elí og sagði, "Ég er hér." "Ég kallaði ekki á þig," "Svaraði Elí. Eftir að þetta endurtók sig þrisvar, skildi Elí að Guð var að kalla á drenginn.



11

Elí sagði við Samúel, "Kalli hann aftur, skaltu svara: 'Tala þú Drottinn, þjónn þinn heyrir.'" Guð kallaði aftur á hann og gaf Samúel þýðingarmikil skilaboð.



12

Morguninn eftir kallaði Elí til Samúels. "Hvað var það sem Drottinn sagði við þig?" Samúel sagði Elí eins og var, að hann hefði fengið hræðileg skilaboð - að Guð ætlaði að eyða allri fjölskyldu Elí, vegna synda hans illa innrættu sona.




13

Viðvörðun Guðs rættist. Ísraelsmenn héldu í stríð gegn Filisteum og biðu mikinn ósigur. Fleiri þúsund menn féllu úr liði Ísraels. Örk Guðs var tekin herfangi og báðir synir Elí, Pínehas og Hofní, voru drepnir. Þegar Elí bárust fréttirnar féll hann af stóli sínum, hálsbrotnaði og dó.




14

Örk Guðs lagðist þungt á Filistea og olli þeim miklum erfiðleikum. Þeir fluttu hana í hús falsguðsins Dagóns. Morguninn eftir hafði líkneskið fallið niður. Filistear settu Dagón aftur á sinn stað - en næsta morgun hafði hann fallið aftur og brotnað í sundur.




15

Sjúkdómar og dauði sóttu nú að Filisteam. Til að komast að hvort Guð væri að hegna þeim, létu Filistear tvær kýr draga vagn með örk Drottins, en lokuðu kálfa þeirra inni.



16

"Ef kýrnar stefna á Ísrael, og skilja kálfa eftir, munum við vita að Drottinn hefur orsakað þetta," sögðu þeir. Og kýrnar stefndu á Ísrael.



17

Síðar, þegar Samúel var kominn til ára sinna, talaði hann til allra Ísraela: "Ef þið snúið ykkur aftur af öllu hjarta til Drottins, þá mun hann frelsa ykkur úr höndum Filistea." Fólkið hlýddi hinum trausta spámanni Guðs. Hendi Drottins var upp á móti Filisteam allt til æviloka Samúels.



18

Samúel, hinn ungi þjónn Guðs

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Fyrri Samúelsbók 1-7

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."  
Sálmarnir 119:130

Guð veit að við höfum öll gert rangt af okkur, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði.

Guð elskar okkur svo mikið að hann sendi son sinn, Jesú, til að deyja á krossi til að borga fyrir syndir okkar. **Jesús lifnaði á ný** og fór aftur til himnaríkis. Nú getur Guð fyrirgefið syndir okkar.

Ef þú vilt snúa baki við syndum þínum, segðu þá eftirfarandi til Guðs: Góði Guð, ég trúi að Jesús hafi dáið fyrir mig, og komið svo aftur til lífs. Ég bið þig nú að koma inni líf mitt og fyrirgefa syndir mínar, svo ég geti öðlast nýtt líf og verið með þér alla eilífð. Hjálpaðu mér að lifa fyrir þig sem Guðs barn. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!